

Reykjavík, 28. janúar 2007

Kæra frændfólk, **Vefarar** í Þormarsætt, Halldóruættlið.

Eins og fram kemur í hjálögðu ávarpi hafa verið stofnuð samtök fyrir Vefaraættina, niðja forfeðra okkar þeirra Jóns Þorsteinssonar vefara og Þóreyjar Jónsdóttur. Samtökin voru einkum stofnuð í því skyni að gera við minningartöflu Jóns og Þóreyjar og koma henni síðan í örugga varðveislu.

Jón og Þórey eignuðust alls 14 börn og eru 10 ættkvíslir frá þeim komnar. Halldóra dóttir þeirra var gift Guttormi Vigfússyni stúdent á Arnheiðarstöðum og erum við af **Halldóruættliðnum**.

Sérstök fjáröflunarnefnd hefur verið valin til að standa fyrir söfnun framlaga til viðgerðar á minningartöflunni. Þetta er kostnaðarsamt fyrirtæki, en viðmiðunarframlaginu er mjög stillt í hof. Fremur er lögð áhersla á að ná til sem flestra í 4., 5. og 6. ættlið, en auðvitað er yngra fólki velkomið að vera með. Í Halldóruættlið er nú enginn lengur á lífi í 4. lið.

Mér hefur verið falið að leita eftir framlagi frá okkar fólki, **Þormarsættinni**, afkomendum Jóns og Þóreyjar í 5. og 6. ættlið. Sendi ég þetta bréf ásamt ávarpi frá framkvæmdastjórn fjáröflunarnefndar í þeirri von, að sem flestir taki erindinu vel **og sjái sér fært að taka þátt í þessu átaki**.

Eins og fram kemur í ávarpi fjáröflunarnefndar var stofnaður söfnunarreikningur **nr. 0101-05-296000** í Landsbanka Íslands-aðalbanka. Nafn reikningsins er: **Vefaraættin niðjasamtök, kt. 691206-0410**. Upphæðin er 3.000 kr. en má vera hærri eða lægri. Framlög óskast greidd ekki síðar en 15. febrúar.

Nánari upplýsingar um samtökin er að finna á vefsíðunni: <http://vefari.bloggar.is>. Ennfremur er bent á vefsíðuna <http://www.simnet.is/marvidar>, þar sem finna má Arnheiðarstaðaættarina, drög að niðjatali Guttorms Vigfússonar og Halldóru Jónsdóttur, sem þó er ófullkomið og er enn í vinnslu.

Með kærri kveðju

Ykkar frændi

Guttormur Vigfússon Þorvarðarson Þormar, vefari,  
Eikjuvogi 5,  
104 Reykjavík.  
guttorm@hive.is